

Hitaveita Langhúsum, Fljótum í Skagafirði

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 21. október 2025 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Skagafjarðarveitum um aukna jarðhitavinnslu úr borholu LH-04, Langhúsum í Fljótum, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. liði 3.17 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skagafjarðar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Umhverfis- og orkustofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Hitaveita Langhúsum, Fljótum í Skagafirði. Mat á umhverfisáhrifum. Fyrirspurn um matsskyldu. Greinargerð, útgáfa 1.0. Stoð verkfræðistofa, 21. október 2025.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Skagafirði, dags. 26. október 2025
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, dags. 28. nóvember 2025
- Umhverfis- og orkustofnun, dags. 1. desember 2025

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 28. nóvember 2025 og 8. janúar 2026.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í að auka vinnslu úr borholu LH-04 sem var boruð árið 2016. Núverandi nýtingarleyfi miðast við 2,5 l/s, sem er lítið brot af því sem holan getur afkastað samkvæmt mælingum. Sótt er um að auka nýtingarleyfi holunnar úr 2,5 l/s í 35 l/s.

Í greinargerð Skagafjarðarveitna kemur fram að verið sé að sækja um að nýta það sem holan geti afkastað en þess verði gætt að fara ekki fram úr afkastagetu hennar. Vatnshiti upp úr borholu LH-04 sé a.m.k. 107 °C. Við hönnun heitaveitu í Fljótum var miðað við að bakrásarhiti hjá notendum væri 30 °C, því sé um ræða hitafall upp á 77 °C, og miðað við rennsli upp á 35 l/s yrði uppsett afl hitaveitunnar um 11.280 kW.

Fram kemur að aukin vinnsla kalli ekki á frekari verklegar framkvæmdir heldur verði stillingum á mótorkloka, sem stýri rennsli úr holunum, breytt. Breytingunni fylgi ekki aukin losun á úrgangi, aukinn hávaði, rykmengun eða aukin umferð. Ekki séu sérstakar framkvæmdir sem séu forsenda breytingar sem sótt er um.

Í viðbótargögnum um jarðhitasvæðið¹ sem Skipulagsstofnun óskaði eftir kemur fram að afkastaprófanir sem voru gerðar skiluðu mjög jákvæðum niðurstöðum. Fullopin ætti holan að geta

¹ Þórólfur H. Hafstað 2017: Langhús í Fljótum, boranir við Dælislaug. ÍSOR-2017/048. Unnið fyrir Skagafjarðarveitur.



gefið 30–35 L/s og að lokunarþrýstingur ætti að vera rúmlega 5 bör. Svona háþrýst jarðhitakerfi hafi tilhneigingu til að dala með tímanum við langtímaþvinnu. Hér sé það þó varla talið að verði til skaða þar sem holan LH-4 gefi mun meira vatn en þörf sé fyrir. Samt sé rétt að taka ekki meira vatn úr henni en þörf sé á og lengja þar með líftíma hennar.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Skagafjarðarveitna og umsögnum umsagnaraðila.

Í greinargerð kemur fram að aukin vinnsla úr holu nr. LH-04 hafi ekki áhrif á fornleifar. Svæðið sé ekki á náttúruminjasrá og aukning afkasta holunnar muni ekki hafa áhrif á vistgerðir eða friðlýst svæði. Aukning á nýtingu vatns úr borholu LH-04 hafi jákvæð áhrif á félagslega og efnahagslega umhverfispætti, þar sem Skagafjarðarveitur muni geta annað eftirspurn eftir hitaveitu á því svæði sem Langhúsaveita þjóni. Aukningin hafi óveruleg áhrif á gróður og dýralíf. Mengun muni ekki aukast vegna þessa. Afkastageta holunnar hafi þegar verið mæld. Samkvæmt mælingum geti holan afkastað því magni sem sótt sé um að nýta. Áhrif breytingar á aðra umhverfispætti, en félagslega og efnahagslega, séu óveruleg.

Áhrif á vatnshlot

Ekki er fjallað um áhrif á vatn eða vatnshlot í greinargerðinni.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að vatnshlotið sem nýtingin náir til sé grunnvatnshlotið Fljót (101-128-G) sem hafi umhverfismarkmið um góða magnstöðu og gott efnaræðilegt ástand. Ástand vatnshlotsins sé óþekkt vegna skorts á gögnum. Stofnunin bendir á að umhverfismarkmið vatnshlota séu lagalega bindandi og megi ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega. Til að hægt sé að tryggja að leyfi séu í samræmi við lög um stjórn vatnamála og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun þurfi að liggja fyrir mat á áhrifum nýtingarinnar á viðkomandi vatnshlot sem tekin verði afstaða til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þurfi að meta áhrif fyrirhugaðrar nýtingar á þá gæðapætti sem skilgreindir hafi verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort nýtingin muni valda því að vatnshlotin náir ekki umhverfismarkmiðum.

Í svörum Skagafjarðarveitna kemur fram að vinna við mat á áhrifum aukinnar nýtingar á vatnshlot sé þegar hafin. Ísor vinni matið og verði því skilað til Umhverfis- og orkustofnunar samhliða umsókn um leyfi til aukinnar nýtingar jarðhitavatts.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035.

Aukin vinnsla úr holu LH-04 er háð nýtingarleyfi Umhverfis- og orkustofnunar skv. lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Áður en slíkt leyfi er veitt þurfa Skagafjarðarveitur að leggja fram áhrifamat fyrir vatnshlot sem tekur til áhrifa á grunnvatnshlot vegna aukinnar vinnslu jarðhita.

6 Niðurstaða

Um er að ræða aukna jarðhitavinnslu úr borholu LH-04, Langhúsum í Fljótum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og tölulíðum 3.17 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.



Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum og nýtingar náttúruauðlinda sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Umfang fyrirhugaðra framkvæmda er hverfandi í hefðbundnum skilningi þar sem engin mannvirkjagerð er nauðsynleg til að auka vinnslu úr holu LH-04 sem þegar hefur verið boruð. Að sama skapi eru því hvorki sýnileg áhrif á náttúrufar á yfirborði né neikvæð áhrif vegna aukinnar mengunar eða hávaða. Þau áhrif eru að verulegu leyti komin fram þar sem framkvæmdum er í raun lokið.

Helstu umhverfisáhrif vegna framkvæmdanna eru annars vegar jákvæð samfélagsleg áhrif af öflugri hitaveitu á þjónustusvæði Langhúsveitu. Hins vegar eru áhrif á jarðhitasvæðið. Framkvæmdaraðili hefur lagt fram gögn sem sýna að vinnslugeta holu LH-04 sé mun meiri en aukin vinnsla gerir ráð fyrir. Í því ljósi sé ekki líklegt að fyrirhuguð vinnsluaukning komi til með að ganga verulega á jarðhitaauðlindina á svæðinu. Framkvæmdaraðili mun skila mati á áhrifum á vatnshlot samhliða leyfisumsókn til Umhverfis- og orkustofnunar. Að mati Skipulagsstofnunar er ólíklegt að aukin vinnsla komi til með að leiða til þess að ástand vatnshlotsins Fljót (101-128-G) falli um flokk.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eðli, staðsetningu eða eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun hvetur til þess að vinnsluaukningin verði stigin í skrefum og þess gætt að ekki verði um ágenga orkuvinnslu að ræða.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 10. febrúar 2026.

Reykjavík, 9. janúar 2026

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson

